




- **Miðbær Garðabæjar**

Markmiðið með tillögu að miðbæ Garðabæjar er að búa til aðlaðandi umhverfi fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi og mannlíf. Miðbærinn þarf að höfða til íbúa Garðabæjar sem þjónustumiðstöð og vettvangur mannfagnaða. Jafnframt þarf að leitast við að skapa honum sérstöðu þannig að hann dragi að sér gesti af höfuðborgarsvæðinu.

- **Garðatorg**


Í tillögunni er mótað miðbæjarrými, Garðatorg, með ný-byggingum við verslunar- og þjónustumiðstöðina næst gatna-mótum Víflsstaðavegar og Bæjarbrautar.

- **Víðalínstorg**

Sýnt er hvernig hægt er að styrkja rýmið á hólum austan við Víðalínskirkju, Víðalínstorg.

- **Kirkjulundur**

Meðfram Kirkjulundi, gegnt tónlistarskólanum er gert ráð fyrir nýbyggingu sem styrkir götummyndina, og við gatnamót Kirkjulunds og Víflsstaðavegar er bensínstöðin staðsett.



- **Lagfæringar**

Í tillögunni er einnig bent á ýmsar lagfæringar á öðrum stöð-um innan samkeppnissvæðisins sem miða að því að gera um-hverfið meira aðlaðandi.

- **Gatnakerfi**

Samkeppnissvæðið liggur að Vífilsstaðavegi sem er stofn-braut í gatnaflokkun aðalskipulags Garðabæjar, og Bæjar-braut sem er tengibraut, og Hofsstaðabraut sem er safngata. Samkvæmt viðmiðunarreglum setur þetta skilyrði um hvernig haga skuli umferðartengingum við göturnar, og hvað og hve nálægt þeim og gatnamótum þeirra er hægt að byggja.

- **Bílastæði**

Gengið er út frá að bílastæði sem nú eru í miðbænum samsvari byggingarmagni og starfsemi sem þar er, og að fjölga þurfi bílastæðum í hlutfalli við umfang nýrra bygginga. Miðað er við fyrirmæli byggingarreglugerðar en vísað til þess að samnýting réttlætir frávík frá ítrustu kröfum.

- **Gönguleiðir**


Gönguleiðir um miðbæjarsvæðið tengjast viðamiklu göngu-leiðakerfi Garðabæjar og í tillögunni er leitast við að skýra þær og gera þær aðlaðandi.

- **Garðatorg / Ráðhústorg / Stjörnutorg**

Nýbyggingar samsíða Vífilsstaðavegi og Bæjarbraut ásamt núverandi byggingum, móta hið nýja Garðatorg. Torgið er hæðarsett þannig að það fellur að inngöngum í yfirbyggðu verslunargötuna og inni-torgið. Að jafnaði er gert ráð fyrir bílaumferð á torginu öllu og hægt að leggja þar bílum. Því er hins vegar skipt í tvo hluta með yfirborðsmeðhöndlun. Hægt er að loka vestari hlutann, Stjörnutorgi, af og nota fyrir samkomuhald, en eftir sem áður hægt að aka að helstu inngöngum verslunar- og þjónustuhúsa um eystri hlutann, Ráðhústorg. Greið aðkoma er fyrir stóra bíla, td. hópferða-bíla og almenningsvagna inn á torgið og um hringinn á Ráðhústorgi. Undir torginu, og hluta nýbygginganna er komið fyrir bílageymsluhúsi.

- **Garðatorg / umferðartengingar**

Tengingar torgsins fyrir bílaumferð við Vífilsstaðaveg og Bæjarbraut verða nánast með sama móti og núverandi tengingar. Ein akstursleið er inn á torgið, austast, framan við ráðhústurninn, og hægt að beygja þangað af Vífilsstaðavegi úr báðum akstursstefnum. Á torginu er hægt að aka tvo hringi, lítinn hring um Ráðhústorg, og stærri um Stjörnutorg. Þá er hægt að aka niður skábraut að bílageymsluhúsinu undir torginu. Gatan sem liggur meðfram íbúðarálmu ráðhúsbygg-ingarinnar, innan við Vífilsstaðaveg verður einstefnuaksturs-gata frá torginu að Kirkjulundi, og meðfram henni er raðað bílastæðum. Göngustígar liggja að torginu úr öllum áttum og um það, og stígar eru upp á torgið úr bílageymsluhúsinu. Stígi við suðvesturhorn þess tengist gangstéttum að ljósastýrðum gatnamótum Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar.



umferð / göngustígar

• Bílageymsluhús


Í bílageymsluhúsinu undir torginu er bílastæðum raðað að einfaldri hringbraut, og "botnlanga" í norðurhorni þess. Ekið er inn í bílageymsluna af Bæjarbraut úr báðum aksturs-stefnum, og af Vífilstaðavegi úr suðaustur-átt, auk þess sem aflíðandi skábraut með akrein í báðar áttir er samsíða Vífilstaðavegi að tengingunni inn á torgið við ráðhústurninn.

Veggir bílageymsluhússins eru að stórum hluta opnir á suð-vestur- og norð-vesturhlið, og meðfram norðausturhlið þess og beggja vegna við ráðhústurninn eru stórar opnanir upp á torgið til að hleypa niður fersku lofti og ljósi.


Skilvirkt gangstétta- / göngustígakerfi liggur um bíla-geymsluna, og stigar eru þar sem opið er upp á torgið og að anddyrum nýbygginganna. Greiðfært er því úr henni að öllum inngöngum fyrirtækja og stofnana við torgið. Þá er nauðsyn-legt að komið verði fyrir lyftum þannig að kröfum um ferli-mál sé fullnægt.

• Nýbyggingar / bílastæði

Á verslunar- og þjónustusvæðinu við Garðatorg er bílastæð-um fjölgað um u.þ.b. 110 samkvæmt tillögunni. 120 stæði eru á torginu og 216 í bílageymslunni undir því. 50 stæðum er komið fyrir meðfram einstefnugötunni sem liggur milli torgs-ins og Kirkjulunds í stað þeirra sem hverfa undir bensínstöð-ina. Bílastæðafjöldunin svarar til byggingar tæplega 4000m²



bílageymsluhús



torgnotkun

húsnæðis miðað við að séð væri fyrir einu bílastæði fyrir hverja 35m². Með vísan til samnýtingar bílastæða margvís-legra fyrirtækja og stofnana má færa rök fyrir því að hægt sé að byggja talsvert meira. Í tillögunni er því lagt til að byggðir verði um 4100m² við torgið, auk 1000m² í geymslum og tæknirýmum í kjöllumur (sem liggja að bílageymslunni).

• Starfsemi / Mannlíf

Með nýjum byggingum og auknu húsrými skapast svigrúm fyrir ýmiss konar atvinnurekstur, stofnanir og þjónustu við

Garðatorg, til viðbótar því sem fyrir er.

Á torginu á að vera hringiða daglegs lífs, verslanir, opin-berar stofnanir, þjónustufyrirtæki, og veitingastaðir. Það er "hjarta" bæjarins þar sem bæjarbúar safnast saman þegar mikið stendur til. Torgið er umgjörð fyrir samkomur á hátíðisdögum, útihátíðir og tónleika, þar verða tendruð ljós á jólatré bæjarins og haldið upp á þjóðhátíðardaginn í virðulegu umhverfi. Með aukinni safnastarfsemi við torgið verða heimsóknir þangað ennfremur liður í skólastarfi.

Torghæð nýbyggingar við norðvesturhlið Stjörnutorgs verður glerjuð beggja vegna við og með því gert kleift að njóta fagurs útsýnis hafs innaf torginu.

Sakir nálægðar við stofn- og tengibrautir er ekki lagt til að íbúðir verði byggðar við torgið, en þær íbúðir sem fyrir eru munu njóta góðs af fjölbreyttara mannlífi þar.

- **Minjaskáli**

Lagt er til að starfsemi minjaskála sem úthlutað hefur verið lóð við Kirkjulund, verði komið fyrir í nýbyggingu við

Garðatorg, og tengist þar hliðstæðri starfsemi, td. hönnunar-safni og / eða vísindasafni. Á lóðinni við Kirkjulund eru ekki minjar og hún er ekki í nánum tengslum við uppgröftinn. Við torgið liggur sýning minjaskálans vel við umferð bæjarbúa og gesta, og í sambýli við hliðstæða starfsemi verður rekstrargrundvöllur hennar tryggari.

- **Hönnunarsafn**

Lagt er til að hönnunarsafn verði í nýbyggingu við torgið. Stórir gluggar á torghæð, beggja vegna við, tryggja útsýni í gegnum anddyri/fordyri safnsins.

- **Planetaríum / umhverfis- og vísindasafn**

Lagt er til að byggt verði planetaríum, himinsalur (himin-sýningarvél), við Garðatorg. Kjörið er að sameina slíka byggingu vísi að umhverfis- og vísindasafni. Ennfremur er áhugavert að tengja það starfsemi minjaskálans og hönnun-arsafni. Þetta mun skapa miðbæ Garðabæjar sérstöðu og skír-skota til umræðu um vaxandi umhverfisvitund almennings í víðasta skilningi, og til samstarfs við skóla á öllum skólastig-um. Húsrymisþörf umhverfis- og vísindasafns í tengslum við Planetaríum er hófleg, þar sem einkum er stuðst við fram-setningu á tölvuunnu efni með margmiðlunartækni. Starf-semin mun án efa draga að sér heimsóknir nemenda, almennings og ferðamanna.




- **Yfirborðsmeðhöndlun / gróðursetning / skjól á torginu**

Nýbyggingar mynda afmörkuð rými, og trjágróður er gróður-settur í samfelldar raðir og í húsasund, svo skjóls mun njóta á torginu og á gönguleiðum.

Torginu er eins og áður segir skipt í tvennt með yfirborðs-meðhöndlun, og hægt að loka vestari hlutann, Stjörnutorg, af fyrir samkomuhald, en eftir sem áður aka að inngöngum verslunar- og þjónustuhúsa um eystri hlutann, Ráðhústorg. Á Ráðhústorgi er hefðbundinn yfirborðsfrágangur, akbrautir og bílastæði malbikað, og gangstéttir hellulagðar. Á Stjörnutorgi er yfirborðið allt lagt steinum og litlum hellum, og allur gólf-flöturinn lagður misfellulaust, án hindrana. Merkingar fyrir akbrautir og bílastæði eru felldar í steinlögnina. Þar er einnig teiknuð mynd af gangi himintungla sem skírskotar til himin-salarins. Trjágróður er notaður til að undirstrika rýmis-myndun og gönguleiðir. Tré eru gróðursett í hellulögnina framan við verslunarhúsið nyrðst á torginu og í húsasundið milli þess og nýbyggingarinnar. Einnig meðfram skábrautinni sem bílar aka um niður í bílageymsluhúsið og í beð í bílageymslunni þar undir sem opið er milli hæða.

Torgið verður kjörinn vettvangur útihátíða og samkomuhalds, og möguleikar opnast fyrir veitingasölu utandyra undir suðurveggjum húsa á mildum sumardögum.

Gert er ráð fyrir auglýsingaskilti á turnskífu við stigann við suðvesturhorn torgsins við gatnamót Bæjarbrautar. Þar gefst fyrirtækjum við torgið kostur á að auglýsa starfsemi sína.





- **Vídalínstorg**

Í tillögunni er sýnt hvernig hægt er að styrkja rýmið austan við Vídalínskirkju með markvissum hætti og búa henni veglega umgjörð. Með því að fjarlægja núverandi leik- skólahús gefst kostur á að byggja stærri og reisulegri byggingu og móta þar torg sem hæfir kirkjunni. Nýbyggingin getur hýst íbúðir fyrir aldraða, eða námsmannaíbúðir og / eða að hluta þjónustu eða stofnanir af einhverju tagi, td. leik-skóla, minjaskála (sem yrði þá fluttur frá torginu, alveg að uppgreftinum), myndlistarskóla eða námsflokkar.

Umtalsverður kostnaður felst í að fjarlægja leikskólann, en í staðinn fæst áhugaverður möguleiki á að styrkja miðbæjar-svæðið enn frekar. Er hugmyndin sett fram í því ljósi.

- **Íbúðir við Kirkjulund**

Gert er ráð fyrir að gamla Hofsstaðahúsið við Kirkjulund verði fjarlægt og nýtt íbúðarhús byggt í brekkunni sunnan götunnar, samsíða henni. Í húsinu verða allt að 30 litlar íbúðir, t.d. fyrir ungt fólk að hefja búskap. Bílastæði eru við innganga til beggja enda hússins og í bílageymsluhúsi sem er fellt inn í brekkuna.

- **Bensínstöð**

Bensínstöðin er staðsett við gatnamót Víflsstaðavegar og Kirkjulunds þar sem hún tengist gatnakerfinu mjög vel. Lagt er til að aðstaða fyrir smurþjónustu og bifreiðaskoðun verði vísað annað.

- **Sérstakar lagfæringar á völdum stöðum**

Suðurhlið nyrðsta verslunarhússins við Garðatorg er frábær-lega staðsett með tilliti til skjóls og sólar. Þar er kjörinn stað-ur fyrir útiveitingar á góðum degi. Glerskyggni eða rimlapak mun helga starfsemi þar innan dyra stéttina framan við, innan við trjálundinn.

Einföld lagfæring við innganga norðanmegin í yfirbyggðu verslunargötuna felst í að afmá hæðarmisfellur og gróður-setja tré til að auðkenna þá og fegra. Gróðursetja má sígrænan trjágróður í beð í inni-torginu til að bæta hljóðvist og betri veðurlokun mun auka notagildi þess til muna.

Gönguleiðin milli torgsins og kirkjuhólsins liggur um ágætlega mótuð rými. Leiðin er á köflum nokkuð brött og þar er vinda-samt. Þetta má lagfæra með því að gera hvíldarpalla við bugðurnar á stígunum, og gróðursetja þéttan og vöxtulegan trjágróður meðfram stígunum og í húsasund til að draga úr vindi.


Rimlaveggir og trjágróður milli austustu innganganna í yfir-byggðu verslunargötuna og norður-inngang inni-torgs, og yfirbygging yfir brúna frá bílastæði að anddyri heilsugæslu-stöðvar mun skýla vegfarendum þar og brjóta vind í kring.

Trjáröð meðfram Vífilsstaðavegi frá Bæjarbraut að Kirkju-lundi skýlir gönguleiðinni og mildar ásýnd bílastæðanna. Trjáröðin undirstrikar miðbæjarsvæðið séð frá Vífilsstaða-vegi.



nýbyggingar og lagfæringar

götumynd Kirkjulunds og Vídalíns-torg munu auka á tign og virðuleik kirkjunnar.



- **Ásýnd / Kennileiti**

Úr fjarska gnæfa Vídalínskirkja og turn ráðhússins yfir byggð-ina í Garðabæ og eru áhrifarík kennileiti.

Á torginu fær ráðhústurninn upphafið vægi af formi himinsalarins og formföstu rýminu, með vísan í fornfrægar bæjarmyndir. Endurgerð